



## **Að draga úr brotthvarfi nemenda af erlendum uppruna 2018-2019**

Verkefni styrkt af Sprotasjóði

**Fjölbrautaskólinn við Ármúla 2020**

**Nafn skóla:** Fjölbrautaskólinn við Ármúla.

**Nafn verkefnis:** Að draga úr brotthvarfi nemenda af erlendum uppruna 2018-2019.

**Markmið verkefnis:** Að hækka hlutfall þeirra nemenda FÁ af erlendum uppruna sem ljúka framhaldsskólanámi.

**Verkefnastjórar:** Súsanna Margrét Gestsdóttir (fram til desember 2018) og Magnús Ingvason.

**Upphafsdagur verkefnis:** 20. ágúst 2018.

**Lokadagur verkefnis:** 01. júní 2020.

## Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins var að hækka umtalsvert hlutfall þeirra nemenda af erlendum uppruna sem ljúka framhaldsskólanámi. Í Fjölbrautaskólanum við Ármúla eru 12-14% nemenda af erlendum uppruna. Enda þótt skólinn hafi um árabil lagt sig fram við að sinna þessum hóp nemenda vel er ljóst að nauðsynlegt er að standa mun betur að málum ef námsárangur þessara nemenda á að vera sambærilegur við árangur annarra.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að nemendum af erlendum uppruna líður verr í skóla en íslenskum nemendum og eru afleiðingar þess margvíslegar en í þessu verkefni var sjónum beint að námsárangri þeirra í framhaldsskóla.

Í umsókn styrksins var stuðst við nýjustu gögn frá Hagstofu Íslands (2011) en skv. þeim gögnum höfðu 26% innflytjenda útskrifast t fjórum árum eftir að þeir hófu nám og 31% sjö árum eftir upphaf náms. Sambærilegar tölur, frá sama tíma, yfir nemendur sem ekki hafa erlendan bakgrunn eru 45% og 62%.

Nemendur af erlendum uppruna eru í mikilli brotthvarfshættu en skv. svari mennta- og menningarmálaráðherra (þingskjal nr. 880/2016/2017) við fyrirspurn höfðu 62% þeirra innflytjenda sem innrituðust í framhaldsskóla hætt námi fjórum árum síðar án þess að útskrifast. Hópurinn er viðkvæmur fyrir margra sakir og síðustu misseri hefur borið meira á því að nemendur með erlendan bakgrunn séu að takast á við ýmsa andlega erfiðleika enda margir þeirra búnir að upplifa mikla erfiðleika (sbr. flóttafólk) áður en þeir koma hingað til lands.

Í ljósi þeirrar staðreyndar að nemendum af erlendum uppruna fjölga jafnt og þétt í Fjölbrautaskólanum við Ármúla, auk þess sem bakgrunnur þeirra er fjölbreyttari en áður er afar mikilvægt að auka þjónustu við þá til muna og gera þjónustuna um leið markvissari með einhverjum hætti.

## Framkvæmd verkefnisins

Verkþættir sem lagt var upp með í umsókn styrksins gengu að mestu eftir en hafa ber í huga að skólinn fékk hluta af þeim styrk sem sótt var um í upphafi og því var ákveðið að leggja áherslu á eftirfarandi þætti:

- Lagt var upp með að auka umsjón með nemendum af erlendum uppruna og auka framboð og fjölbreytni áfanga í „Íslensku sem annað mál“. Til viðbótar vildum við auka námsaðstoð og efla þann hluta náms sem fer fram utan hefðbundinna kennslustofa sbr. vettvangs- og safnakennslu, útikennslu og fleira með það að leiðarljósi að koma betur til móts við fjölbreyttan nemendahóp til að hver og einn gæti frekar fundið styrkleika sína og þar með auka skuldbindingu hópsins við námið og skólann sem er ein helsta áhrifabreyta er varðar brotthvarf.
- Haustið 2018 buðum við upp á námsaðstoð fyrir þá einstaklinga sem metnir voru í hvað mestri brotthvarfshættu. Sér menntaður starfsmaður var ráðinn til að starfa með hópnum einu sinni í viku. Bæði var boðið upp á einstaklingsráðgjöf og hópráðgjöf fyrir allt að fjóra nemendur í einu.
- Framboð áfanga „Íslenska sem annað mál“ var aukið upp í 6 áfanga og áfangar í „Íslenskt talmál“ urðu 2. Ráðinn var starfsmaður til að sinna námsaðstoð í þessum áföngum. Haustið 2019 var ákveðið að hefðbundnum byrjendahóp yrði skipt í tvo hópa eftir getu til að hægt væri að koma betur til móts við þarfir einstakra nemenda. Ráðinn var inn sér menntaður starfsmaður til að halda utan um hópana.
- Boðið var upp á sérstaka áfanga í ensku fyrir þá sem ekki hafa lært ensku áður og leitast var við að nálgast enskukennsluna út frá móðurmáli viðkomandi nemenda eins og unnt var.
- Á haustönn 2019 var farið í dagsferð með nemendur af erlendum uppruna austur fyrir fjall en í ljós kom að margir höfðu aldrei komið út fyrir höfuðborgarsvæðið áður.
- Á vor- og haustönn 2019 hélt hópurinn sameiginleg matarboð þar sem þau fengu tækifæri til að kynnst matarmenningu ólíkra þjóða.
- Fjölmennasti hópur erlendra nemenda við skólann á rætur sínar að rekja til Póllands. Boðið var upp á áfanga í pólsku fyrir nemendur af pólskum uppruna þar sem nemendur fengu tækifæri til að kynnst pólskri menningu og sögu.
- Til viðbótar þessu var nefnt í umsókninni að ráðning sálfræðings við skólann myndi skila sér í betri líðan sumra nemenda og hugsanlega minna brotthvarfi og því er ánægjulegt frá því að segja að skólinn hefur auglýst 50% stöðu skólasálfræðings til eins árs til að byrja með frá og með haustönn 2020.

## Niðurstöður

Að okkar mati gekk verkefnið vel en á vorönn 2020 var ljóst að vegna Covid 19 yrði erfiðara að mæla beinan árangur af verkefninu því þá kom í ljós að erfiðara var að ná í og styðja við ýmsa nemendur úr hópi erlendra nemenda en aðra nemendur skólans. Við lögðum okkur fram við að leggja þeim til tölvur og bækur en margir þessara nemenda hafa ekki aðgang að tölvu heima við og nýta bókasafnið til að hafa aðgang að skólabókum. Það er því miður frá því að segja að einhverjir úr hópnum hurfu frá námi á meðan nám skólans var flutt yfir í fjarnám á tímum Covid -19 og það kemur ekki í ljós fyrr en í haust hvort allir skila sér aftur í skólann.

Árangur verkefnisins er góður og við teljum að með verkefninu hafi tekist að auka skuldbindingu hluta hópsins til bæði námsins og skóla sem hvort tveggja er mikilvægt til að draga úr brotthvarfi nemenda. Einnig kom í ljós að með því að skipta byrjendahópum í „Íslensku sem annað mál“ hafi tekist að koma enn frekar til móts við misjafna stöðu hópsins í íslensku og þar með höfum við náð árangri í að styrkja stöðu þeirra í íslensku sem leiðir vonandi að sér betri námsárangur í fleiri námsgreinum.

Áformað er að kynna niðurstöður verkefnisins á starfsmannafundi á haustönn 2020.

## Að lokum

Við ætlum okkur að halda áfram með ýmsa þætti verkefnisins sbr. sérstakan enskuáfang, halda framboði á áföngum „Íslenska sem annað mál“, vettvangsferðir og námsstuðning. Áfangi í pólsku verður felldur niður vegna þátttökuleysis en erfitt reyndist að fá nemendur af pólskum uppruna til að skrá sig í áfangann. Ástæður fyrir áhugaleysi nemenda á þeim áfanga skýrast að einhverju leyti af því að margir þessara nemenda eru annaðhvort fæddir hér á landi eða hafa verið hér frá unga aldri og líta þ.a.l. á sig sem Íslendinga fremur en Pólverja. Við ætlum okkur einnig að bæta í þjónustu fyrir erlenda nemendur en á döfinni er að auka enn frekar stuðning og utanumhald við hópinn.



Magnús Ingvason, skólameistari FÁ.